

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 49 16, maí 1978 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 670/1981 og 1. gr. og 12. gr. reglugerðar um skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá nr. 451/1976 með áorðnum breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. desember 1982.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingolf J. Petersen.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Háskólasjóð Stúdentafélags Reykjavíkur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. desember 1982.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

Háskólasjóðs Stúdentafélags Reykjavíkur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Háskólasjóður Stúdentafélags Reykjavíkur. Sjóðurinn er stofnaður af Stúdentafélagi Reykjavíkur, skv. samþykkt aðalfundar þess, hinn 15. október 1982 og að höfðu samráði við rektor Háskóla Íslands. Heimili sjóðsins og varnarþing skal vera í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000,00 framlag Stúdentafélags Reykjavíkur. Stofnfé sjóðsins má ekki skerða. Ávaxta skal fé sjóðsins með hagkvæmasta hætti, sem völ er á á hverjum tíma.

3. gr.

Stúdentafélag Reykjavíkur mun í samræmi við ofangreinda samþykkt, skv. 1. gr. vinna að því að afla sjóðnum tekna og hvetja til þess, að sjóðurinn vaxi með frjálsu gjafafé.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ýmis verkefni Háskóla Íslands svo og stúdenta við Háskóla Íslands, samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Stjórn Stúdentafélags Reykjavíkur kýs 2 stjórnarmenn og háskólaráð 2. Þessir 4 stjórnarmenn skipa sameiginlega fimmta stjórnarmanninn með samkomulagi, en ella skal sá stjórnarmaður skipaður af dómsmálaráðuneyti. Stjórnin er skipuð til eins árs í senn frá 1. janúar ár hvert. Stjórnin skiptir með sér verkum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins semur ársreikning fyrir 15. febrúar næsta árs og skulu þeir endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

7. gr.

Með samhljóða samþykki sjóðsstjórnar, samþykki dómsmálaráðuneytisins og samþykki aðalfundar félagsins má breyta ákvæðum skipulagsskrár þessarar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar Forseta Íslands á skipulagsskrár þessari.

TILKYNNING

frá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins.

Samkvæmt tillögu stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og staðfestingu sjávarútvegsráðherra hefur verið ákveðinn verðgrunnur fyrir söltuð þorsflök framleidd í desember 1982:

| Söltuð þorsflök | U.S. \$ pr. lest cif. |
|-------------------|-----------------------|
| Flokkur A 700/up | 3 850,00 |
| Flokkur A 400/700 | 3 650,00 |
| Flokkur A 200/400 | 3 450,00 |
| Flokkur A 100/200 | 3 050,00 |
| | |
| Flokkur B 700/up | 3 400,00 |
| Flokkur B 400/700 | 3 200,00 |
| Flokkur B 200/400 | 2 800,00 |
| Flokkur B 100/200 | 2 400,00 |

Verðbil verður 4% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádragnu verðbili.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Dagleg umsjón og rekstur Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er í höndum gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands, Austurstræti 14, Reykjavík.

Reykjavík, 9. desember 1982.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins.